



Skrifstofa Alþingis - nefndarsvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Austurlandi, 13. nóvember 2023

Efni: Þingsályktunartillaga um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri, 327. mál.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi, SSA, lýsir yfir eindregnum stuðningi við þingsályktunartillögu nr. 327/2023 um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri.

Þingsályktunartillaga þessi er í samræmi við samþykktir Haustþings SSA í Fljótsdal, 28. og 29. september 2023 en í aðgerðaráætlun þingsins er kallað eftir aðgerðum til að tryggja viðveru viðbragðsaðila í kjördæminu svo auka megi öryggi sistækkandi hóps ferðamanna og stytta viðbragðstíma þegar slys verða með styrkingu innviða á borð við viðveru þyrlu og varðskipa.

SSA tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar sem benda á í greinargerð með henni að séu þyrlur eingöngu staðsettar í Reykjavík dreifi það illa þjónustu, einkum er varðar Norðausturland og Austurland og hafsvæðið þar út af. Með þyrlu í Reykjavík og á Akureyri næst til allra landshluta á þyrlu á innan við 90 mínútum á venjulegum degi og myndi björgunarviðbragð á norður- og austurmiðum styrkjast verulega.

Fyrir Austurland, íbúa þess og gesti, getur stuttur viðbragðstími með þyrlu skilið á milli lífs og dauða ef alvarleg slys eða atburðir verða. Það varðar öryggi allra íbúa fjórðungsins að þessi tillaga hljóti samþykki Alþingis.

Fyrir hönd Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi,

Dagmar Ýr Stefánsdóttir
frankvæmdastjóri